

Fundargerð Stjórnar FASK

6 fundur. 24. Nóv 2020 kl 16:00

1. Undirbúningur aðalfundar

Haukur kynnt minnisblaðið og undirbúning fyrir aðalfund. Fram kom að öll lagaleg dagskrá liggur fyrir og að enn er opið fyrir stjórnarmenn að koma með tillögur að málum á dagskrá aðalfundarins.

2. Minnisblað um samskipti á samfélagsmiðlum FASK

Haukur gerði grein fyrir mikilvægi þess að samskipti á samfélagsmiðlum FASK séu málefnaleg og til þess fallinn að styrkja félagsskapinn. Stjórn sammála um að settar verði fram samskipta reglur fyrir samfélagsmiðla FASK. Önnu Maríu falið að gera drög að samskiptareglum og kynna stjórn á næsta fundi.

3. Vinnufundur starfshóps um íshellaskoðun

Haukur kynnti fundargerð vinnuhóps Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir Íshella. Umræður sköpuðust um málið. Samþykkt að boða til samráðsfundar í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarðinn í næstu viku. Hauki falið að senda fundargerð vinnufundar FASK og VJB í tölvupósti til félagsmanna.

4. Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna

Laufey kynnti þá vinnu sem fram hefur farið vegna vinnu við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og hvernig hægt væri að nota þau markmið til að vinna sameiginlegt logó/markaðstæki til að auglýsa heima fyrirtæki. Rætt var um að Laufey ræði við vöruhönnuð til að vinna málið áfram. Samþykkt að kaupa tíma af hönnuði fyrir 40 þ.kr.

5. Önnur mál

Rætt um aðila sem hafa greitt félagsgjöld en eru ekki með lögheimili í SVH. Málinu vísað til stjórnarmanna, að hafa samband við viðkomandi aðila og óska eftir því að lögheimilisskráningu fyrirtækja verði breytt.

Námskeið - Bergþóra greindi frá samskiptum við leiðbeinanda vegna námskeiða. Bergþóru falið að vinna áfram að málinu og leggja fyrir næsta fund.

Bergþóra ræddi um styrk frá SVH, Lagt til að sækja um styrk um 200 þ kr til námskeiðshalds í samstarfi við fræðslunet suðurlands og 200 þ kr til að þróa vörumerki í kringum Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna fyrir heimafyrirtæki.

Fyrirspurn um gjafabréf kom inn á fundinn. Hauki falið að kanna stöðu gjafabréfa hjá SVH

Fundi slitið: 17:00